

## **Poroshenko: 80% af starfsliði úkraínsku öryggislögreglunnar 2012 voru njósnarar Rússa**

**Eftir Styrmi Gunnarsson**

Poroshenko, forseti Úkraínu, sagði á fundi með námsmönnum í háskólanum í Kharkov fyrir helgi að á árinu 2012 hefðu 80% meðlima úkraínsku öryggislögreglunnar verið rússneskir njósnarar.

Hann sagði að þeir hefðu verið ráðnir til þeirra starfa af rússnesku leyniþjónustunni.

Forsetinn gaf ekki frekari upplýsingar um málið en fyrr í þessum mánuði sagði Wall Street Journal efnislega frá því sama.

Frá þessu segir nú í Moskvutíðindum (The Moscow Times, sem gefið er út af finnska Sanomat-útgáfufyrirtækinu.)